

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, skal borgarstjórn innheimta gjald sem hér segir:

	kr.		kr.
1. flokkur	13.475	6. flokkur	43.120
2. flokkur	16.170	7. flokkur	53.900
3. flokkur	24.255	8. flokkur	70.070
4. flokkur	26.950	Eftirfylgniferð	13.475
5. flokkur	32.340	Sýnataka	10.780

Tímagjald þjónustuverkefna kr. 5.390

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali I með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

Ef fyrirtæki sætir mengunarvarnaeftirliti og uppfyllir skilyrði 6. eða 7. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti með því fyrirtæki skv. ákvæðum reglugerðarinnar.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 2. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis eins og hér segir:

Starfsemi, þar sem krafist er auglýsingar starfsleyfis skv. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun kr. 17.127.

Önnur starfsleyfi kr. 13.475.

Þó skal innheimta af starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali II starfsleyfisgjald eins og eins og hér segir:

	kr.
I. flokkur	26.950
II. flokkur	59.290
III. flokkur	107.800
IV. flokkur	161.700
V. flokkur	269.500

Við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 8.085 sé um að ræða starfsemi skv. 2. mgr. en kr. 11.385 sé um að ræða starfsemi skv. 1. mgr. Hafi umtalsverðar breytingar orðið á rekstri eða húsnæði að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá skal greiða gjald eins og um væri að ræða nýja starfsemi.

Fyrir leyfi til markaðs- og götusölu greiðist kr. 5.060 en heilbrigðisnefnd er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

4. gr.

Vegna útgáfu starfsleyfa, sem ekki heyrna undir ákvæði 3. gr. skal innheimt gjald samkvæmt reikningi. Sama á við ef kostnaður vegna útgáfu starfsleyfis skv. 3. gr. reynist vera meiri en gert var ráð fyrir í áætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Starfsleyfisgjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögn-um eða skoðun skal greiða kr. 5.060 og fyrir eiturbeiðnir kr. 1.320.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um er að ræða óflokkaða eftirlitsskylda starfsemi eða aukin eftirlitsverkefni, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá er Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimtir gjald fyrir vottorð, eiturbeiðnir og leyfi til markaðs- og götusölu.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 955/2000 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Reykjavík, 18. desember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal I.**Gjaldflokkar.****Gjaldflokkur 1**

80.42.2	Tónlistarskólar
85.12.2	Læknastofur
85.14.1	Sjúkraþjálfun
85.14.92	Fótaaðgerðarstofur
85.14.94	Kírópraktor
85.31.4	Heimili fyrir fatlaða
92.34.0	Dansskólar
15.87.0	Krydd og bragðefnaframleiðsla, lítil
51.39.1	Heildverslun með matvæli, lítil
52.11.32	Matvöruverslanir án vinnslu, litlar
52.11.4	Söluturnar
52.11.5	Söluturnar með samlokugerð
52.62.1	Sölubás
55.40.5	Kaffistofur
Óflokkað	Efnavörueftirlit, lítið
85.13.0	Tannlæknar
50.20.06	Bónstöðvar handvirkar
85.14.31	Röntgenstofur
74.81.02	Ljósmyndastofur
20.30.91	Trésmíðaverkstæði m/lökkun

Gjaldflokkur 2

24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla
51.55	Heildverslun með efnavöru, lítið
52.48.7	Leikfangaverslanir
55.10.1	Gistiheimili
55.23.1	Heimagingingar
85.11.44	Vistheimili
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur
85.31.1	Daggæsla í heimahúsum
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, litlir
85.32.21	Gæsluvellir
85.32.5	Safnaðarheimili
85.32.61	Einkasalir, félagsheimili
92.02.3	Húðflúrstofur
92.02.4	Húðgötun
92.31.01	Leikhús
93.02.01	Hárgreiðslustofur
93.02.2	Snyrtistofur
93.04.03	Sólbaðstofur
15.13.1	Kjötiðnaður, lítill
15.20.5	Harðfiskverkun
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs

15.86.0

15.31.0	Te- og kaffiframleiðsla
51.36.0	Heildverslun með grænmeti, meðal
51.39.2	Heildverslun með sykurl. o.fl.
52.11.30	Heildverslun með matvæli, meðal
52.11.30	Matvöruverslanir án vinnslu, meðal
52.11.6	Matsöluvagnar
52.23.0	Fiskbúðir
52.24.0	Smásala á brauði og kökum
52.27.0	Sérverslun með matvörur
52.62.0	Markaðir
55.11.1	Hótel með litlum matsólustað
55.30.4	Brauðstofur
55.30.6	Matsólustaðir, veitingahús, lítil
55.40.6	Veitingatorg
55.51.1	Mötuneyti, lítil
55.52.1	Sala á tilbúnum mat, lítil
26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu
63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna
25.13.0	Gúmmisteypa
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
22.22.3	Prentstofur
74.81.01	Framköllunarstofur
93.01.01	Þvottahús
73.10	Rannsóknastofur

Gjaldflokkur 3

50.50.01	Bensínstöðvar
52.31.0	Apótek
52.33.01	Snyrtivöruverslanir
55.40.1	Krár, litlar, lágmarks matargerð
80.22.0	Sérskólar
85.11.5	Áfengismeðferð
85.12.1	Heilsugæslustöðvar
85.32.4	Félagsmiðstöðvar
85.32.6	Félagsaðstaða fullorðinna
92.61.02	Litlir sundstaðir
92.62.03	Íþróttamannvirki
94.04.01	Líkamsræktarstöðvar
15.13.2	Kjötiðnaður, miðlungs
15.13.4	Kjötpökunarstöð
15.20.8	Lagmeti og framleiðsla sjávarréttar
15.52.0	Ísgerð
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru
15.81.1	Brauðverksmiðjur

15.81.2	Bakarí
15.84.0	Súkkulaði- og sælgætisgerðir
15.87.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór
15.89.1	Salatgerð
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, meðal
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja, lítil
51.31.1	Heildverslun með grænmeti, stór
51.39.3	Heildverslun með matvæli, stór
52.11.10	Stórmarkaðir, miðlungs
52.11.20	Matvöruverslanir með vinnslu, meðal
52.11.31	Matvöruverslanir án vinnslu, stórar
55.11.2	Hótel með miðlungs matsölu
55.30.31	Skyndibitastaðir, miðlungs
55.30.7	Matsöluastaðir, veitingahús, meðal
55.51.2	Mötuneyti, miðlungs
55.52.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs
63.12.0	Vörugæmslur, flutningamiðstöðvar
50.20.08	Smurstöðvar
50.20.05	Bónstöðvar, sjálfvirkar
24.42.0	Lyfjagerð
22.22.1	Offset- og hæðarprentun
93.01.02	Efnalaugar
01.12.1	Plötuframleiðsla
Óflokkað	Efnavruefirlit, miðlungs

Gjaldflokkur 4

55.12.0	Hótel
55.40.2	Krár, stórar, lágmarks matargerð
75.23.0	Fangelsi
80.10.0	Grunnskólar litlir
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, stórir
15.13.3	Kjötiðnaður, stór
15.51.0	Mjólkurbú
15.51.1	Ostagerð
15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla
15.89.3	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja, stór
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir
52.11.21	Matvöruverslanir með vinnslu, stórar
55.11.3	Hótel með stórum matsölu
55.30.2	Skemmtistaðir með matsölu
55.30.32	Skyndibitastaðir, stórir
55.30.8	Matsöluastaðir, veitingahús, stór
55.51.3	Mötuneyti, stór
55.52.3	Sala á tilbúnum mat, stór
90.00.03	Gámastöðvar
90.00.04	Flutningur úrgangs
92.72.01	Skotvellir
14.21.0	Malar- og sandnám
15.13.2	Kjötiðnaður, stór
15.20.2	Saltfiskverkun
15.20.41	Heitloftspurrkun fiskafurða
15.20.5	Harðfiskverkun
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
15.20.71	Vinnsla mjóls úr sjávarafurðum
15.20.9	Önnur ótalin fiskvinnsla
15.42.01	Lifrabræðsla og lýsishreinsun
15.51.0	Mjólkurbú
15.51.1	Ostagerð
15.52.0	Ísgerð
15.81.1	Brauðverksmiðjur
15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla
15.86.0	Te- og kaffi framleiðsla

15.89.1	Salatgerð
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, miðlungs
15.89.3	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, lítil
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór
22.22.2	Sáldprentun
22.25.01	Umfangsmikill prentiðnaður
24.11.0	Framleiðsla á iðnaðargasi
26.23.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu
28.52.01	Blikksmiði
31.70.0	Rafvéla- og vélaverkstæði
40.10.01	Spennistöðvar
40.10.02	Spennaviðgerðir
50.20.01	Bifreiða- og vélaverkstæði
50.20.04	Bifreiðaréttingar
50.30.1	Bílapartasölur
51.57.03	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir
54.49.95	Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælimiða
63.21.01	Vöruflutningamiðstöðvar
75.25.010	Svæði til slökkvi- og reykæfinga
85.11.1	Deildaskipt sjúkrahús
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs
35.30.00	Smíði og viðhald loftfara

Gjaldflokkur 5

22.21.0	Prentun dagblaða
85.11.4	Dvalar- og hjúkrunarheimili
92.13.0	Kvikmyndahús
55.48.8	Blómaverslun með B og C efni
52.49.92	Varahlutaverslanir, ekki í bíla

Gjaldflokkur 6

05.02.01	Seiðaelði
05.5.21	Landeldi
27.5.0	Málmsteypur
41.00.0	Vatnsveitur
35.11.0	Skipasmíði og skipaviðgerðir
24.30.01	Málningarverksmiðjur
35.30.00	Smíði og viðhald loftferðatækja
50.20.0	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun
50.20.03	Bifreiðasprautun
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur
50.20.07	Ryðvarnarkerfisstæði
28.51.0	Meðferð og húðun málma
28.51.1	Sandblástur málma
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru
52.11.20	Matvöruverslanir með vinnslu, miðlungs
80.10.0	Grunnskólar, stórir
52.11.30	Matvöruverslanir með vinnslu, meðal
93.03.01	Líkbrennslur
52.46.2	Málningar- og veggfóðurverslun
80.21.0	Framhaldsskólar
50.50.01	Bensinstöðvar
51.55	Heildverslun með efnavöru, meðal
51.57.01	Móttaka brotamálma
52.46.12	Litlar byggingavöruverslanir
80.30.0	Skólar á háskólastigi
52.46.13	Járnvöruverslanir
52.46.21	Málningarvöruverslanir
92.61.01	Stórir sundstaðir

52.49.93 Smásala efna í flokkum X, A og B
 52.49.94 Sala annarra eiturefna
 26.82.91 Malbikunarstöðvar
 Óflokkað Efnavörueftirlit, mikið

Gjaldflokkur 7

50.30.01 Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru
 51.55 Heildverslun með efnavöru, mikið
 52.11.11 Stórmarkaðir, stórir

52.11.21 Matvöruverslanir með vinnslu, stórar
 52.46.11 Stórar byggingavöruverslanir

Gjaldflokkur 8

01.23.0 Svínarækt
 01.24.0 Alifuglarækt
 15.11.01 Svínasláturhús
 15.20.72 Fiskimjölsvinnsla
 63.23.01 Flugvellir
 90.00.01 Skólphreinsistöðvar
 90.00.02 Móttökustöð fyrir úrgang

Fylgiskjal II.**Starfsleyfisgerð.**

<i>Starfsemi</i>	<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Starfsleyfisgjald kr.</i>
Svínasláturhús	4.	161.700
Smjörlíkisgerð	1.	26.950
Framleiðsla gosdrykkja	1.	26.950
Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	2.	59.290
Framleiðsla á plötum, rorum o.þ.h.	2.	59.290
Meðferð og húðun málna	2.	59.290
Spennaviðgerðir	3.	107.800
Rafmagnsveita	2.	59.290
Vatnsaflsstöðvar	3.	107.800
Hitaveitur	3.	107.800
Flugvöllur	5.	269.500